



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á slétri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti eg segi:
Kom þú sáll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil *Söknuður*

Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson

Prestur: Sr. Práinn Haraldsson
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Bjarni Atlason
Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni



Ólöf Kristín *Guðnadóttir*

Fædd 23. mars 1959
Dáin 13. nóvember 2021



Útför frá Akranes Kirkju
föstudaginn 26. nóvember 2021

Forspil
Air úr svítu nr. 3
Johann Sebastian Bach

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaud.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;
þú smyr höfuð mitt með olíu;
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

Ritningarorð

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinsson - Amerískt þjóðlag

Guðspjall

Ég hef saknað þín svo mikið
Frá því síðast er ég sá þig
Og ég þorði ekki að segja
Hvað bjó í hjarta mér
En ég get ei lengur þagað
Er ég horfi svona á þig
Því loksins hef ég skilið
Hvað ástarsæla er

Ó, vertu alltaf hjá mér
Þú mátt aldrei fara frá mér
Ég skal vera þér eins góður
Og ég mögulega get
Því ég elska þig svo mikið
Að ég gæti næstum dáíð
Fyrir aðeins þessa einu nótt
Í faðmi þér

Í hvert sinn er ég sé þig
Er eins og birti yfir öllu
Það sem áður var svo venjulegt
Það breytir allt um svip
Gráir hversdagslegir dagar
Sem mig áður kvöldu af leiða
Þeir fyllast nýjum ljóma
Í sérhvert sinn er ég sé þig

Ó, vertu alltaf hjá mér
Þú mátt aldrei fara frá mér
Ég skal vera þér eins góður
Og ég mögulega get
Því ég elska þig svo mikið
Að ég gæti næstum dáíð
Fyrir aðeins þessa einu nótt
Í faðmi þér

Sigfús E. Arnþórsson

Minningarorð

Einsöngur
Í blómabrekkunni
Magnús Eiríksson

Bæn / Faðir vor

Þér leiðist hér ég veit það kæri vinur
Þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa mig

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt lag

Þó farir þú í fjarlægð kæri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Hve draumar ræst hafa' aftur þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan brosin
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð

Jose Feliciano - Jónas Friðrik

Moldun